

Fundur fjallskilastjórnar Víðdælinga, haldinn að Árbakka 3 þann 7.júní 2016 kl. 20:30

Mættir voru undirritaðir.

1. Rætt um grundvöll álagningar, vortalningu og fl.
2. Í dag fór nefndin ásamt ráðunaut til að kanna ástand gróðurs á Víðidalstunguheiði. Gróður kominn vel af stað, sprungið út á hrísi hvar sem við fórum og blóm tekin að blómstra. Ákveðið að leyfa upprekstur sauðfjár frá og með 8. Júní í löndin á milli girðinga og á Tungur. Upprekstur sauðfjár á Austurheiði verði leyfður frá og með 15.júní nk. Upprekstur hrossa á Víðidalstunguheiði verður leyfður frá og með 25.júní nk.
3. Rætt um framkvæmdir ma. málning réttar, endurnýjun á hliði norðan Króks.
4. Í hlut okkar koma 1.134.000,- til viðhalds heiðagirðinga. Tímakaup kr. 2.500 í verktöku auk 24% vsk. Ingvar Ragnarsson og Sveinbjörn Magnússon sjá um viðhaldið eins og verið hefur.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið

Marianna Eva Ragnarsdóttir
Sigtryggur Sigurvaldason

Júlíus Guðni Antonsson